

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-september 2008

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs eftir fyrstu níu mánuði ársins liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er handbært fé frá rekstri 19,2 ma.kr. innan ársins samanborið við 48,6 ma.kr. á sama tímabili í fyrra. Innheimtar tekjur voru 11,6 ma.kr. hærri en á árinu 2007 en gjöldin voru 49,9 ma.kr. hærri nú en í fyrra. Hreinn lánsfjárfjöfndur er jákvæður um 27,7 ma.kr. sem er 45,6 ma.kr. betri útkoma en í fyrra.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar–september 2004-2008


	Í milljónum króna				
	2004	2005	2006	2007	2008
Innheimtar tekjur	201.207	305.378	277.246	320.820	332.406
Greidd gjöld	212.932	233.596	233.632	268.624	318.569
Tekjufjöfndur	-11.725	71.782	43.614	52.196	13.837
Sóluhagn. af hlutabr. og eignahl.	-	-56.755	-	-33	-39
Breyting viðskiptahreyfinga	1.320	-446	258	-3.578	5.402
Handbært fé frá rekstri	-10.405	14.581	43.872	48.584	19.200
Fjármunahreyfingar	7.969	45.165	-2.245	-66.480	8.540
Hreinn lánsfjárfjöfndur	-2.436	59.746	41.627	-17.896	27.740
Afborganir lána	-30.843	-47.939	-38.071	-33.483	-45.486
Innanlands	-5.676	-14.056	-15.198	-22.251	-30.019
Erlendis	-25.166	-33.883	-22.873	-11.232	-15.467
Greiðslur til LSR og LH	-5.625	-2.950	-2.970	-2.970	-2.970
Lánsfjárfjöfndur, brúttó	-38.904	8.857	586	-54.349	-20.716
Lántökur	40.679	11.698	24.978	58.453	208.397
Innanlands	17.430	11.698	20.362	58.277	101.710
Erlendis	23.249	-	4.616	176	106.687
Breyting á handbæru fé	1.775	20.555	25.564	4.105	187.681

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 332 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins sem er aukning um 12 ma.kr. frá því á sama tíma í fyrra eða 3,6% aukning að nafnvirði. Skatttekjur og tryggingagjöld námu 302 ma.kr. sem samsvarar 3,6% aukningu að nafnvirði á milli ára. Á sama tíma hefur almennt verðlag hækkað um 9,9% (VNV án húsnæðis) og skatttekjur og tryggingagjöld hafa því dregist saman um 5,8% að raunvirði. Aðrar tekjur jukust um 4,1% og þar af er mest hækkun á vaxtatekjum af bankainnstæðum eða 91,2%.

Skattar á tekjur og hagnað námu um 115 ma.kr. sem er aukning um 10,5% frá sama tíma árið áður. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga 64 ma.kr. (aukning um 5,6%), tekjuskattur lögaðila 20 ma.kr. (aukning um 4,9%) og fjármagnstekjuskattur 32 ma.kr. (aukning um

26,7%). Innheimta eignarskatta var um 6 ma.kr. sem er samdráttur upp á 27,1% á milli ára. Þar af námu stimpilgjöld tæpum 5 ma.kr. en innheimta þeirra hefur dregist saman um 2 ma.kr. frá fyrra ári.

Innheimta veltuskatta í septembermánuði skilaði ríkissjóði rúmum 16 ma.kr. sem er jafnmikið að nafnvirði og í sama mánuði í fyrra. Frá ársbyrjun hafa veltuskattar skilað ríkissjóði 141 ma.kr. og dregist lítillega saman að nafnvirði frá sama tíma árið áður eða um 0,9% en samdrátturinn er 9,9% að raunvirði (miðað við hækkun vísitölu neysluverðs án húsnæðis). Þegar horft er á 6 mánaða hlaupandi meðaltal nemur raunlækkun veltuskatta nú 15,8% á milli ára sem er mesta raunlækkun um árabíl eins og sést á myndinni hér að neðan. Þetta er enn ein vísbending um að dregið hefur verulega úr umsvifum í hagkerfinu. Virðisaukaskattur er stærsti hluti veltuskattanna og skilaði hann ríkissjóði 99 ma.kr. á tímabilinu sem er 0,6% samdráttur að nafnvirði frá fyrstu níu mánuðum ársins 2007 og 9,5% raunsamdráttur. Aðrir veltuskattar, sem eru einkum ýmis vörugjöld, námu um 42 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins og drógust saman um 1,8% frá sama tíma 2007. Mestur samdráttur er í vörugjöldum af ökutækjum, sem hafa verið stærsti liður vörugjaldanna undanfarin ár, eða 17% samdráttur. Tekjur af tollum og aðflutningsgjöldum námu 5 ma.kr. og tekjur af tryggingagjöldum 31 ma.kr. sem er aukning um annars vegar 14,9% og hins vegar 6% á milli ára.



Greidd gjöld nema 318,6 ma.kr. og er það hækkun um 49,9 ma.kr. frá fyrra ári eða 18,6%. Mest aukning er vegna almannatrygginga- og velferðarmála 14,3 ma.kr. eða 22,1%. Þar munar mest um lífeyristryggingar sem hækka um 9 ma.kr. á milli ára, fæðingarorlofsgreiðslur um 1,2 ma.kr. og vaxtabætur um 1,4 ma.kr. Efnahags- og atvinnumál hækka um 11 ma.kr. á milli ára eða tæp 31% þar sem mestu munar um stofnanir samgönguráðuneytisins. Þá hækkar almenn opinber þjónusta um 8,3 ma.kr. eða

23% og heilbrigðismál um 8,1 ma.kr. eða tæp 12%. Hlutfallslega er mest hækkun á liðnum varnarmál eða 37%, en málaflokkurinn í heild er mjög veigalítill í heildarútgjöldum ríkisins.

Hreinn lánsfjárfjöfnum ríkissjóðs var jákvæður um 27,7 ma.kr. Afborganir lána námu 45,5 ma.kr., þar af voru 30 ma.kr. til niðurgreiðslu innlendra skulda. Greiðslur til LSR og LH námu 2.970 ma.kr. Lántökur námu 208,4 ma.kr., þar sem 101,7 ma.kr. voru teknir að láni innanlands. Lántökur eru umfram lánsfjárförf en ákvörðun var tekin á vormánuðum um að auka útgáfur á stuttum ríkisbréfum í því skyni að auka virkni á skuldabréfa- og gjaldeyrismarkaði.

Tekjur ríkissjóðs janúar-september 2006-2008

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2006	2007	2008	2006	2007	2008
Skatttekjur og tryggingagjöld	260.030	291.147	301.522	13,8	12,0	3,6
Skattar á tekjur og hagnað	88.400	104.282	115.250	19,6	18,0	10,5
Tekjuskattur einstaklinga	54.830	60.656	64.054	12,1	10,6	5,6
Tekjuskattur lögaðila	17.117	18.681	19.592	109,3	9,1	4,9
Skattur á fjármagnstekjur	16.452	24.945	31.604	-2,4	51,6	26,7
Eignarskattar	6.897	8.426	6.143	-36,6	22,2	-27,1
Skattar á vöru og þjónustu	132.458	142.590	141.250	14,1	7,6	-0,9
Virðisaukaskattur	91.137	99.563	99.015	16,3	9,2	-0,6
Vörugjöld af ökutækjum	8.256	8.085	6.711	5,1	-2,1	-17,0
Vörugjöld af bensíni	6.904	7.076	6.848	1,1	2,5	-3,2
Skattar á olíu	4.994	5.572	5.687	27,8	11,6	2,1
Áfengisgjald og tóbaksgjald	8.437	8.803	8.940	4,3	4,3	1,6
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	12.730	13.491	14.049	15,1	6,0	4,1
Tollar og aðflutningsgjöld	3.311	4.178	4.802	34,8	26,2	14,9
Aðrir skattar	1.461	2.525	3.187	9,0	72,8	26,2
Tryggingagjöld	27.504	29.146	30.890	16,0	6,0	6,0
Fjárframlög	885	853	331	175,7	-3,6	-61,2
Aðrar tekjur	15.783	21.890	27.797	-19,1	38,7	27,0
Sala eigna	547	6.930	2.756	-	-	-
Tekjur alls	277.246	320.820	332.406	-9,2	15,7	3,6

Gjöld ríkissjóðs janúar–september 2006-2008

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2006	2007	2008	2007	2008
Almenn opinber þjónusta	29.003	35.667	43.939	23,0	23,2
Þar af vaxtagreiðslur	7.865	11.218	13.713	42,0	22,2
Varnarmál	450	593	810	31,7	36,6
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	10.045	11.834	14.681	17,8	24,1
Efnahags- og atvinnumál	31.959	36.206	47.242	13,3	30,5
Umhverfisvernd	2.512	2.947	3.242	17,3	10,0
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	299	320	401	6,8	25,5
Heilbrigðismál	62.484	69.416	77.533	11,1	11,7
Menningar-, íþrótta- og trúmál	10.194	11.645	12.625	14,2	8,4
Menntamál	26.153	28.947	32.596	10,7	12,6
Almannatryggingar og velferðarmál	54.806	64.584	78.848	17,8	22,1
Óregluleg útgjöld	4.755	6.466	6.652	36,0	2,9
Gjöld alls	232.660	268.624	318.569	15,5	18,6